

Fundargerð 60. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 25. júní 2014 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Sólrún Anna Jónsdóttir rekstrarstjóri Ferðamálastofu og Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri boðuðu forföll.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Staða samninga á grundvelli átaks ríkisstjórnarinnar til uppbyggingar ferðamannastaða á árinu 2014.
Farið var yfir þá samninga sem búið er að gera á grundvelli átaksins. Stjórnin óskar eftir því að nánara yfirlit verði sent stjórnarmönnum um leið og það liggur fyrir. Stjórnin óskar eftir því að allir samningar verði auðkenndir með ári, númeri úthlutunar og númeri samnings innan úthlutunar, til að auðvelda utanumhald og eftirlit með þeim.
Fyrir fundinum lá erindi frá Þjóðgarðinum á Þingvöllum, dags. 24. júní sl. með beiðni um lengri frest til að senda kostnaðaráætlun og undirrita samning. Veittur er frestur til 7. júlí.
2. Lögð var fram ályktun frá Ferðamálasamtökum Íslands um gjalddöku á ferðamannastöðum, fjárframlögum til framkvæmda og reksturs ferðamannastaða. Ferðamálasamtök Íslands (FSÍ) skora á stjórnvöld, ríkisstjórn og Alþingi að leita leiða til þess að stöðva gjalddöku á einstaka ferðamannastöðum annað hvort með lagasetningu og/ eða eignarnámi þar sem það á við. Jafnframt er skorað á stjórnvöld að leggja nauðsynlegt fjármagn í frekari uppbyggingu innviða á helstu ferðamannastöðum sem og að auka fjármagn til framkvæmda og reksturs þjóðgarða og friðlýstra svæða.
3. Ferðamálastofa hefur sent atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu tillögu að starfsreglum fyrir Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Fram kemur í erindi til ráðuneytisins að ekki hafi náðst samstaða milli Ferðamálastofu og stjórnar framkvæmdasjóðsins um tvö atriði sem nánar eru tilgreind í erindinu. Stjórn sjóðsins gerir ekki athugasemd við fyrra atriðið, þ.e. að í 5. gr. komi orðið „annað“ í stað orðsins „hærra“. Stjórnin felur formanni stjórnarinnar að árétta við ráðuneytið fyrri afstöðu sína varðandi síðara atriðið í erindi Ferðamálastofu, þ.e. að óhentugt sé að tilgreina rökstuðning fyrir afstöðu gagnvart einstökum umsóknum í fundargerðum á meðan yfirferð umsókna stendur yfir. Stjórnin telur mun hentugra og um leið vandaðra verklag að rökstuðningur vegna allra verkefna fylgi tillögu stjórnar til ráðuneytisins, eins og gert hefur verið frá stofnun sjóðsins. Ekkert er því til fyrirstöðu að sá rökstuðningur sé birtur samhliða tilkynningu um úthlutun.

Fundargerð ritaði Guðjón Bragason

Sour 612
Anna G. Sverrisdóttir
Albína Thordarson
Guðjón Bragason